

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 20. desember 2023.

Mál nr. 812/2023:

## Anti Defamation-League

(Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður)

gegn

1984 ehf.

(Ólafur Örn Svansson lögmaður)

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson og Jóhannes Sigurðsson og Kjartan Bjarni Björgvinsson, settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 22. nóvember 2023. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 13. desember 2023. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 2023 í málinu nr. K-3162/2023 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að lögbann yrði lagt á tilteknar athafnir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.
- Sóknaraðili krefst þess að ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 3. maí 2023 um að hafna því að lögbann verði lagt á athafnir varnaraðila verði hrundið. Krefst sóknaraðili þess að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbann á „hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem [www](http://www). er fyrir framan nafn vefsíðunnar eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni“, sem og við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni og „dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birtar.“ Þá er krafist málskostnaðar í héraði auk kærumálskostnaðar.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

### Niðurstaða

- Í beiðni sóknaraðila 26. apríl 2023 til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um lögbannsgerðina sem málið varðar kemur fram að sóknaraðili séu frjáls og óhagnaðardrífín félagasamtök sem hafi það markmið að berjast gegn ærumeiðingum í garð gyðinga og tryggja sanngjarna meðferð í garð allra. Yfirlýst stefna sóknaraðila sé að berjast gegn gyðingahatri (e. antisemitism) og hvers kyns kynþáttahatri og hatursorðræðu hvar sem hún birtist. Samtökin reki skrifstofur á 25 stöðum í Bandaríkjunum en þar bregðist fulltrúar þeirra við gyðingahatri og hatursorðræðu,

haldi fram stefnumálum sínum gagnvart kjörnum fulltrúum og bjóði upp á fræðslu í skólum og á vinnustöðum í samræmi við þennan tilgang.

- 5 Lögbannskrafa sóknaraðila byggir á því að efni vefsíðunnar sem krafan beinist að beri augljós einkenni hatursorðræðu og gyðingahaturs. Hatursorðræðunni sem um ræðir sé beint gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast samfélagi gyðinga í Boston í Bandaríkjunum og nágrenni borgarinnar. Á forsiðu vefsíðunnar sé enn fremur augljóslega hvatt til þess að gripið verði til aðgerða gegn stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum sem ábyrgðarmenn vefsíðunnar segja að tengist samfélagi gyðinga í Boston og í nágrenni með þeim hætti að þau verði „upprætt“ (e. dismantled) eða að starfsemi þeirra verði „sundrað“ eða hún „trufluð“ (e. disturbed).
- 6 Sóknaraðili vísar auk þess til þess að hann sé meðal þeirra aðila sem nefndir eru á vefsíðunni og efni hennar beinist gegn. Þannig séu allir 25 stjórnarmenn í landsstjórn sóknaraðila tilgreindir á vefsíðunni, ásamt tugum einstaklinga sem starfi fyrir sóknaraðila. Á vefsíðunni sé einnig að finna ranga og ósanna umfjöllun um starfsemi sóknaraðila, meðal annars staðhæfingar um að hann hafi með höndum njósnastarfsemi gagnvart tilgreindum aðgerðasinum. Tilgangur umfjöllunarinnar sé að ala á hatri og óvild í garð sóknaraðila og hvetja lesendur síðunnar til aðgerða og jafnvel ofbeldis gegn honum, þeim einstaklingum sem tengjast eða starfa fyrir sóknaraðila, eða gegn samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem nafngreind eru á vefsíðunni og tengd saman með þeim hætti sem þar megi sjá.
- 7 Málsatvikum og málsástæðum aðila er að öðru leyti lýst í hinum kærða úrskurði.
- 8 Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Af ákvæðinu leiðir að á gerðarbeiðanda hvílir sú skylda að sýna fram á að hin jákvæðu skilyrði fyrir lögbanni sem þar er kveðið á um séu uppfyllt.
- 9 Báðir aðilar vísa til mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar til stuðnings kröfum sínum og vísa þar að nokkru leyti til hagsmuna annarra en þeirra sjálfra af því að lögbann verði lagt á eða því hafnað. Þannig vísar sóknaraðili til 71. gr. stjórnarskrárinnar, meðal annars til einkalífshagsmuna einstaklinga sem að honum standa, og varnaraðili til 73. gr. stjórnarskrárinnar, einkum tjáningarfrelsis þeirra sem að vefsíðunni standa.
- 10 Telja verður báðum aðilum fært að byggja á málsástæðum í þessa veru. Verður þá að hafa í huga að of þröng afmörkun á því til hvaða hagsmuna er litið við úrlausn álítaefna um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi kann að draga úr því að slík réttindi verði

vernduð með raunhæfum og virkum hætti fyrir dómstólum. Í dómaframkvæmd má auk þess finna dæmi þess að litið hafi verið til stjórnarskrárvarinna réttinda annarra en málsaðila sjálfra að þessu leyti, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 3. maí 2002 í máli nr. 177/2002, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 1639, og dóm Hæstaréttar 22. mars 2019 í máli nr. 29/2018.

- 11 Í kröfum sóknaraðila í þessu máli felst að lagt verði lögbann við hýsingu varnaraðila á vefsíðunni <https://mapliberation.org>, hvort sem [www](http://www). er fyrir framan vefsíðuna eða ekki, sem og gögnum, efni og upplýsingum sem birt eru á vefsíðunni. Þá er þess jafnframt krafist að lagt verði lögbann við því að varnaraðili veiti aðgang að vefsíðunni og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birt.
- 12 Í málinu er ekki ágreiningur um að varnaraðili hýsi umrædda síðu og að hún sé birt á fyrrgreindri vefslóð en með vísan til þess verður að líta svo á að uppfyllt sé það skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 að sú athöfn sem sóknaraðili hefur krafist lögbanns við hafi verið bæði verið byrjuð og yfirvofandi.
- 13 Ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, felur í sér víðtæka vernd tjáningarfrelsis og hefur stjórnarskrárákvæðið verið skýrt svo að í því sé fólgin réttur manna til að miðla upplýsingum með öllum formum tjáningar. Frelsi þetta nær þannig bæði til prentaðs og talaðs máls, auk tjáningar sem kann að felast í annars konar athöfnum, sjá hér meðal annars til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 29/2018. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur enn fremur verið lagt til grundvallar að miðlun og varðveisla upplýsinga á vefsíðum njóti verndar 10. gr. mannréttindasáttmálans, enda feli takmarkanir á slíkri starfsemi óhjákvæmilega í sér íhlutun í tjáningarfrelsi, sbr. meðal annars til hliðsjónar dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 16. nóvember 2020 í máli nr. 10795/14 *Kharitonov gegn Rússlandi*.
- 14 Samkvæmt framansögðu lýtur krafa sóknaraðila, ef á hana yrði fallist, að takmörkun á tjáningarfrelsi í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, er eingöngu heimilt að takmarka þennan rétt að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar koma fram, en af þeim leiðir að takmarkanir verða að eiga sér stoð í lögum og stefna að lögmætu markmiði. Þá verða takmarkanirnar að vera nauðsynlegar og mega ekki ganga lengra en nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi.
- 15 Enda þótt gengið sé út frá því að tjáningarfrelsið geti með þessum hætti sætt takmörkunum mega þær takmarkanir ekki fela í sér ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi, sbr. síðari málslið 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Framangreint ákvæði girðir ekki fyrir að lögbanni verði beitt til að hindra tjáningu við ákveðnar aðstæður, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 1. júní 2006 í máli nr. 541/2005, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 2759. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur hins vegar verið lagt til grundvallar að gera verði

auknar kröfur til rökstuðnings fyrir slíkum íhlutunum, svo og þess að lagalegur grundvöllur þeirra sé skýr og að íhlutarnir séu fyrirsjáanlegar. Er þá til þess að líta að lögbann felur í sér ríkara inngríp en eftirfarandi takmarkanir á tjáningarfrelsi og því verður að gera auknar kröfur til þess að sýnt sé fram á nauðsyn slíkrar íhlutunar.

- 16 Sónaraðili byggir í þessu sambandi einkum á að krafa hans um lögbann á athafnir varnaraðila eigi sér stoð í 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um hatursorðræðu, en slík orðræða falli utan verndarsviðs 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Telur sóknaraðili að efni vefsíðunnar sem kröfur hans beinast að beri öll merki hatursorðræðu, enda geti það ekki verið tilviljun að efni hennar, sú kortlagning sem þar birtist og ákall aðstandenda hennar um aðgerðir einskorðist við gyðinga og lögaðila sem tengist samfélagi gyðinga í Boston og nágrenni.
- 17 Samkvæmt þeim upplýsingum um efni vefsíðunnar sem sóknaraðili hefur lagt fram er þar sett fram margháttuð gagnrýni á starfsemi sóknaraðila. Lýtur sú gagnrýni að meginstefnu að því að sóknaraðila verði ekki jafnað til hefðbundinna réttindasamtaka heldur sé starfsemi hans að miklu leyti stjórnmálalegs eðlis. Í því efni séu hagsmunir yfirvalda í Bandaríkjunum og Ísrael í fyrirrúmi hjá sóknaraðila og þá gjarnan á kostnað undirokaðra þjóðfélagshópa, einkum í tengslum við ágreining Ísrael og Palestínu. Á vefsíðunni er því haldið fram að sóknaraðili beiti ýmsum meðölum til að ná fram markmiðum sínum sem lýsi sér meðal annars í því að hann njósnir um aðgerðasinna og nýti ítök sín í stjórnámálum og viðskiptalífi. Hvað þann þátt varðar beiti sóknaraðili sér einkum gegn aðgerðasinum af palestínskum og arabískum uppruna, sem og öllum þeim sem sýni samstöðu með frelsisbaráttu Palestínu. Í umfjölluninni er einnig byggt á því að sóknaraðili yti sjálfur undir kynþáttamismunum með stefnu sinni og því væri réttast að leysa upp sóknaraðila rétt eins og önnur félög sem styðji kúgun og undirokun.
- 18 Með 233. gr. a almennra hegningarlaga hefur Alþingi sett tjáningarfrelsi takmarkanir með því að mælt er fyrir um refsingu við því að hæðast að einstökum manni, smána hann eða bera rógi eða ógna honum með ummælum eða annarri tjáningu meðal annars vegna þjóðernisuppruna eða trúarbragða eða gera slíkt við hóp manna. Hugtakið hatursorðræða kemur ekki fram í ákvæðinu en í dómaframkvæmd hefur verið litið á það sem samnefnara fyrir þá hæðni, rógburð, smánun eða ógnun sem refsivert er að tjá eftir ákvæðinu, og þá um leið sem mælikvarða á þann grófleika tjáningarinnar, sem áskilinn er. Af því leiðir að tjáningin verður að fela í sér slíka óbeit, andúð, fyrirlitningu eða fordæmingu að telja megi hana til hatursorðræðu í garð þess sem henni er beint að, sbr. dóm Hæstaréttar 14. desember 2017 í máli nr. 354/2017.
- 19 Þegar tekin er afstaða til þess hvort tjáning á vefsíðunni sem varnaraðili hýsir falli undir ákvæði 233. gr. a verður að hafa í huga að ákvæðið felur í senn í sér heimild til að takmarka tjáningarfrelsi, auk þess sem tiltekin háttsemi er þar lýst refsiverð í skilningi 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að gæta verður varfærni við

túlkun ákvæðisins þannig að beiting þess sé fyrirjáanleg, einkum ef vísað er til þess sem grundvallar fyrir takmörkun á tjáningarfrelsi í formi lögbanns. Þannig verður ákvæðinu almennt ekki beitt til að stöðva birtingu ummæla vegna þess að ætla megi að í þeim felist hatursorðræða heldur verður að gera þá kröfu að slík orðræða birtist þá annaðhvort með beinum hætti í umfjöllun eða verði leidd með skýrum hætti af samhengi umfjöllunarinnar.

- 20 Í þessu sambandi er enn fremur ekki unnt að horfa framhjá því við úrlausn um kröfur sóknaraðila um lögbann að þær eru ekki bundnar við tiltekna þætti í umfjölluninni á vefsíðunni sem varnaraðili hýsir heldur beinast þær með almennum hætti að hýsingu varnaraðila á vefsíðunni sem og gögnum, efni og upplýsingum sem þar eru birt, án frekari tilgreiningar. Taka þær einnig til þess að lagt verði lögbann við því að varnaraðili „veiti aðgang að vefsíðunni og dreifi gögnum, efni og upplýsingum sem á henni eru birtar.“
- 21 Kröfur sóknaraðila ná samkvæmt framangreindu til allrar umfjöllunar á síðunni hvort sem þar er með einhverjum hætti vikið að sóknaraðila eða öðrum aðilum og hvers efnis umfjöllunin er. Krafa sóknaraðila er þannig afar víðtæk og fæli í sér verulega skerðingu á tjáningarfrelsi ef á hana yrði fallist. Þá er til þess að líta að þótt lögaðilum hafi verið játuð viss réttindi samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar þá eiga þeir sér ekki einkalíf líkt og einstaklingar og njóta ekki stjórnarskrárbundinnar æruverndar, sbr. dóm Landsréttar 3. febrúar 2023 í máli nr. 724/2021. Þá hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á það í málinu að vefsíðan innihaldi upplýsingar um einstaklinga sem leitt gætu til þess að fallist yrði á kröfu hans vegna 71. gr. stjórnarskrárinnar.
- 22 Að þessu virtu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða hans að sóknaraðili hafi hvorki sýnt fram á né gert nægilega sennilegt að uppfyllt sé það skilyrði lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 að sú athöfn sem felst í hýsingu varnaraðila á umræddri vefsíðu, og þar með veitingu aðgangs að henni, brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum réttindum hans.
- 23 Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

### Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Anti Defamation-League, greiði varnaraðila, 1984 ehf., 500.000 krónur í kærumálskostnað.

Rétt endurrit staðfestir

20.12.2023

Gjald: 1.500 kr

